

Garðabær,
31.1.2023

Bæjarráð Garðabæjar.
b.t. Almars Guðmundssonar bæjarstjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Leiga á aðstöðu í TM höll

UMF Stjarnan nánar tiltekið handknattleiksdeild Stjörnunnar óskar með erindi þessu eftir leyfi fyrir að leigja út aðstöðu í TM-höllinni á efri hæð hússins.

Tekjuflæði til deildarinnar hefur dregist saman á síðustu misserum og hefur stjórn deildarinnar hugsað möguleika á nýjum tækifærum er snúa að tekjum til deildarinnar. Einn möguleikinn er leiga á rýminu í TM-höllinni fyrir barnaafmæli og fermingar á fyrirfram umsömdum tímum við þá sem sjá um rekstur hússins. Hugmyndin er sú að fá að leigja svæðið fyrir framan sjoppuna á efri hæð TM-hallarinnar með þeim möguleika að börn geti þá farið og leikið sér inn í íþróttasal hússins samhliða. Utanumhald og framkvæmd leigunnar mun vera alfarið í höndum stjórnar handknattleiksdeildar sem mun vinna verkefnið í góðri samvinnu við rekstraraðila hússins.

Með von um jákvæð viðbrögð,

f.h. UMF Stjörnunnar

Baldvin Sturluson, framkv.stjóri UMF Stjörnunnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026